

Tjörn

2022 – 2023



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	2
1 Greinargerð leikskólastjóra	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2020-2021	5
3 Innra mat xxx deildar	15
4 Innra mat sérkennslu	25
5 Innra mat – fjöltyngd börn	27
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	31
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	31
8 Foreldrasamvinna	32
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	32
10 Fylgigögn	32
10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	32



Leiðarljós leikskólans

Í Tjörn er lögð áhersla á faglegt starf þar sem einstaklingurinn fær að njóta sín í kærleiksríku umhverfi. Börnin eru hvött til þess að setja orð á tilfinningar. Þau setja sér sjálf markmið og meta sitt eigið nám/færni. Þau eru hvött til sjálfshjálpar eins og að klæða sig sjálf og ganga frá eftir sig, það er mikilvægt að þau fái hlutverk í daglegu starfi. Börnunum er treyst til þess að hafa áhrif á skipulagningu starfsins og hlustað er á skoðanir þeirra. Viðfangsefnin eru krefjandi en taka mið af færni hvers barns. Viðhorf starfsfólks til barna er að þau séu sterk og getumikil og meðvitað er unnið með styrkleika þeirra. Starfsfólk styður við börnin þegar þau takast á við nýjar áskoranir.

Meginmarkmið Tjarnar er að þegar börnin útskrifast frá Tjörn verði þau með sterka sjálfsmynd og tilbúin að standa með sjálfum sér.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Það hafa verið margar áskoranir síðastliðnar annir, ytri kringumstæður hafa verið mjög krefjandi vegna covid og fyrir vikið höfum við þurft að vera dugleg að sníða okkur stakk eftir vexti, vegna stöðugt breyttra kringumstæðna.

Við höfum þó komist í gegnum þennan mikla skafl sem allur heimurinn hefur þurft að ganga í gegnum. Við höfum náð að halda skólanum opnum flesta daga ársins á meðan önnur lönd hafa þurft að loka skólstofnunum mánuðum saman. Það hefur verið okkar gæfa sem samfélag að hafa náð að halda skólunum opnum. Það er ekki síst vegna þrautseigju kennarastéttarinnar og í því ljósi vil ég hrósa öllu mínu fólki fyrir fagmennsku og skapandi hugsun, sem voru lausnamiðuð í öllum þeim flóknu verkefnum sem hafa fylgt þessum faraldri.

Við höfum fylgt vel eftir settum markmiðum þ.e. að vinna þétt með lýðræði, flæði, sjálfstyrkingu, læsi og vettvangsferðir. Sjá umsagnir deildarstjóra í umbótaráætlun.

Í námsumhverfinu er börnunum mætt á þeirra forsendum þar sem þau hafa nægt rými til sjálfsefningar sem felur í sér trú á eigin getu, sjálfsaga og þrautseigju. Þeim eru skapaðar góðar aðstæður til að styrkja félagsfærni sína og líkamlegt heilbrigði. Leiðir að því markmiði er dagskipulag leikskólans sem myndar ákveðinn ramma, en innan hans er sveigjanleiki, þar sem sífellt endurmat er í gangi. Með því er leitast við að bæði starfsfólk og börn grípi hugmyndir og tækifæri í dagsins önn og vinni með þau og þrói. Mikil umhyggja, gleði, hómor og samkennd einkennir starfsandann í Tjörn.

Við viljum vera sífellt á tánum með viðhorf allra starfsmanna til barna þ.e. að börn læra í gegnum leik og að þau séu getumikil og sterk.



Í ljósi áhuga kennara og barna á gróðuræktun almennt, minntist ég á þann draum að eignast gróðurhús við lóð Tjarnar á haustfundi foreldra. Foreldrar tóku vel í þá hugmynd og fyrr en varði var hafist handa við að safna fyrir gróðurhúsi á söfnunarvef Karolina fund. Og draumar rætast í okkar umhverfi vegna þess að okkur hefur tekist að safna fyrir gróðurhúsi. Þökk sé frábæru framtaki foreldra!

Í sumar verður hafist handa við framkvæmdir á endurnýjun lóðarinnar við Tjarnarborg og er gróðurhúsið teiknað inn á þá lóð. Ég vil þakka teyminu sem stóð að þeirri framkvæmd fyrir gott samstarf. Við fengum að koma með hugmyndir og hlustað var á okkar raddir, sem komu frá, foreldrum, börnum og kennurum. Það var farið af stað með hugmyndavinnu strax í vetur og tóku börnin fullan þátt í þeirri hugmyndavinnu, með t.d. teikningum af lóð sem voru svo sýndar á vorhátíð fyrir foreldra. Um leið og framkvæmdum verður lokið við Tjarnarborg verður hafist handa við lóð Öldukots.

Niðurstöður úr viðhorfskönnun starfsmanna sýna að við skoruðum hátt (frá 4 til 5 hæstu tölur ?) í öllum þáttum könnunarinnar, nema í þeim þáttum sem snúa að álagi og vinnuumhverfi, þar var rauði liturinn ríkjandi (lágar tölur) sem má tengja við bæði ytri kringumstæður og húsnæðið. Það skýtur kannski skökku við að fara fram á fækkun barna í okkar umhverfi og í ljósi gríðarlegrar vöntunar á leikskólaplássi, en vegna sérstakra kringumstæðna í okkar húsum sem voru vel að merkja byggð sem íbúðarhúsnæði, mun ég fara fram á fækkun barna næstkomandi skólaár sem er liður í heilbrigði og vellíðan. Tilgangurinn er að bæta vinnuskilyrði bæði kennara og barna.

Megináhersla næsta vetur verður að halda áfram að efla lærdómssamfélagið þar sem allir læra af hvort öðru með sameiginlega sýn að leiðarljósi.

2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2021-2022

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Ferilmöppur, Uppeldisleg skráning Sjálfsfelling,	Á reglulegum fundum kennara og með spurningalistum og viðtölum við börnin.	Starfsmenn – Kennarar- Börn	Ferilmöppurnar virka vel og mikil ánægja meðal foreldra og barna en það fer mikil vinna í þær og við þurfum að samræma betur vinnubrögðin. Uppeldisleg skráning gengur vel, en það þarf að samræma vinnubrögðin á öllum deildum betur. Sjálfsfelling og vinna með hana snýst fyrst og fremst um viðhorf kennara og þar þurfum við alltaf að ver á tánum. Þarf að ræða og fjalla um á öllum fundum sem haldnir eru í skólanum – Við notum gefðu tíu, sumir nota spjöld aðrir ekki – Við viljum að allir noti spjöldin – Eins þurfum við að vera markvissari með að börnin setji sér markmið fyrir veturinn og fylgja þeim eftir.

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Viðhorfkönnun starfsmanna	Könnun á vegum SFS	Stafsmenn	Við erum í flestum þáttum græn sem þýðir vel gert nema vinnuálag og vinnuumhverfi þar er gult og rautt þar þarf að gera betur.



UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Fundir – með starfmönnum – Foreldrum og börnum. Minnka vinnuálag -	Að hverju er stefnt? Minnka vinnuálag. Að hittast oftast milli húsa, bæði börn og kennarar – Meira samræmi á milli húsa – til þess að ná fram markmiðum sem er í Námskrá – Með lýðræði að leiðarljósi og til þess að styðja við deildarstjóra, sérkennara.	Hvernig framkvæmum við það? Með vel skipulögðum fundum yfir allan veturinn. Umræður – Fækkun barna í húsum vegna kringumstæðna	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Skólastjóri og deildarstjórar	águ st	maí	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum) Viðhorfskönnun starfsmanna – Teymisfundir	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Meðalskor hærra en rautt í ljósi vinnuálags! Að allir gangi í takt og séu með gleraugu sem sjá lýðræði.
Uppeldis- og menntastarf							
Að fylgja eftir settum	Allir kennarar	Teymisfundir og gatlistar	Stjórn ásamt			Gátlistar	Að öll börn geti tjáð sig



markmiðum úr námskrá sérstaklega að hlusta á raddir barnanna og foreldra – Vinna með heilbrigði og vellíðan	noti gefðu tíu- þ.e. noti til þess gerð spjöld. Finna frekari leiðir til þess að fá mat barnanna fram. Að fylgja betur eftir markmið um Landlækn is	menntastefnu nnar	teymi um heilbrigði og vellíðan				á öruggan hátt. Hamingjusa mt samfélag
Mannauður/ Leikskólabra gur							
Að efla starfsandann enn frekar 😊	Að skapa jákvætt og styðjandi andrúmsl oft -	Með því að hrósa upphátt og vera hvetjandi – Að vera meðvituð um jafnrétti og að við vinnum í teymum.	Deildarstjór ar - skólastjóri			Umræður - Viðhorfskönnun starfsmannakön nun	Að allir finni til sín og séu sterkir! Allir eru jafnir!



Lækur – Innra mat – Börn frá 2 til 4 ára

Hausið hófst með hefðbundnum hætti og öll ný börn voru aðlöguð um miðjan september. Á deildinni voru 18 börn, 9 stúlkur og 9 drengir, börnunum var skipt upp í fjóra hópa. Hópastarf var komið á fullt skrið á áætlun og haustverkin tekin föstum tókum. Litlir grænmetisbændur byrjuðu veturinn á að taka upp kartöflur sem þau fóru svo með heim. Samkvæmt síðustu umbótaráætlun var lagt upp með að taka félagsfærni, að börnin mætu sitt eigið nám og að halda áfram með myndrænar skráningar.



Leikurinn fékk sitt pláss og við sköpuðum afslappaðan tíma fyrir börnin fram að samverustund. Rólegheitum og frjálsum leik var því gert hátt undir höfði og gátu börnin borðað og leikið fram að 9:30 þegar samvera hófst. Starfsfólk fylgdi skipulagi og fór á sína starfsstöð, leikherbergi, heimastofu eða niður í sal eða hlutverkakrók svo allir gætu leikið í næði eftir sínu áhugasviði. Starfsfólk ræddi saman á fundum um hvað þyrfti að ræða í barnahópnum og voru því hádegis- og síðdegissamvera nýttar undir að hjálpa börnunum að takast á við vandkvæði, ef einhver voru, með félagsfærnisögum eða jafnvel brúðuleikhúsi. Starfsfólki fannst þetta góð leið og börnin virtust geta notað þessi verkfæri og leyst úr málum sínum sjálf sem var auðvitað markmiðið. Við lok vetrar létu hópstjórar hvert barn í sínum hóp meta námið sitt á myndrænan hátt með táknmyndum. Það var einkar áhugavert að sjá hversu tilbúin þau voru að meta námið sitt og útskýra hvers vegna þau völdu það tákn fyrir hvern þátt og mörg barnanna höfðu mikla þörf á að skýra betur frá í máli sem við gátum ritað niður. Niðurstöðurnar nýtast okkur í endurmati á ýmsum þáttum, sérstaklega hjá eldri börnum á deildinni sem nefndu að þeim hafi líkað eitthvað þegar þau voru yngri en ekki svo mikið í dag, þar sjáum við tækifæri til að uppfæra okkar námsgögn og aðferðir.



Söngur, sögustundir, myndlist, jóga og núvitund og ró eru fastir liðir í okkar dagskipulagi, þar eru einnig vettvangsferðir vikulega með eldri hópunum tveimur. Samkvæmt samtali við börnin síðustu ár hafa þessar ferðir staðir upp úr og enginn látið sig vanta á miðvikudögum. Í ár er engin breyting á, samkvæmt niðurstöðum úr námsmati, og því voru skipulagðar auka ferðir að ósk barnanna.

Umhverfismennt síast æ meira inn í skólastarfið með ári hverju. Markvissar ferðir gefa börnunum tækifæri á að læra í umhverfinu, s.s. um staðarhætti, veðurfar, náttúru og þjálfar þol og hafa gaman af í leiðinni. Næstu skref eru auðvitað að vinna með húsið sjálft, spara rafmagn, sápu og pappír þar sem Tjörn stefnir að því að verða Grænfánaskóli.



Í apríl mánuði fórum við í námsferð til Brighton og heimsóttum skógarskóla og leiks- og grunnskóla sem starfar í anda Reggio Emilia stefnunnar. Kennarar urðu fyrir miklum innblæstri fylltu sarpinn af ýmsum góðum hugmyndum. Lengi vel höfðum við talað um að fara alla leið og breyta leikefni inni á deildinni, en eftir þessa ferð var ekki aftur snúið og hófumst við strax við að umbreyta deildinni. Plastleikföngum var skipt út fyrir náttúrulegri efnivið, plasthirsllum var skipt út fyrir tréhillur og tréhirsulur. Náttúran var tekin meira inn, aðföng sem börnin fundu í vettvangsferðum t.d. í skóginum okkar hinum megin við götuna og afleggjarar settir í mold, eru lítil dæmi um hvernig náttúran fær sitt rými á Læk. Baunafræ voru sett niður eins og alltaf er gert á vorin og fara heim með börnunum um sumarið. Á hverju vori setjum við niður kartöflur en í ár þurftum við að hverfa frá þeirri hefð þar sem

garðurinn okkar verður tekinn í gegn í sumar. Aðrar hefðir komust þó aftur í gagnið eins og foreldrakaffi og sveitaferðin, og á döfinni er sumarhátíð leikskólans. Gott foreldrasamstarf er einn af burðarliðum okkar starfs ásamt starfsmannaheldni, og færni kennara til haga seglum eftir vindum þegar þörf er á. Dagskipulagið gefur einnig gott rými og tækifæri fyrir starfsfólk að sjá hvert barn í „einstöku ljósi“ eða gefa 10! eins og við köllum það á gólfinu.



Myndræn skráning á námi barnanna gekk vel og er sýnileg í þar til gerðum möppum. Starfsfólk nýtti undirbúning vel til að vinna í skráningum og höfum við rætt um að það væri áhugavert að hafa meira flæði í skráningunum og hafa möppurnar sýnilegar niðri á deild svo að börnin geti haft skoðanir á hvað skuli fara í þær og átt möguleika á að glugga í þær eins og fjölskyldukortin sín.

Í lok vetrar mátti greina að samstarf með foreldrum hafði ekki verið eins og öflugt og áður hafði verið, en það kemur til vegna pestagangs sem við viljum helst gleyma. Í samveru með eldri barnahópunum tveimur ræddum við um sumarhátíðina og hvernig hún gengur fyrir sig. Börnin áttuðu sig á að þetta væri á könnu foreldra þeirra og við ræddum um hvað „Pálínuboð“ væri og þeim fannst það hljóma miklu skemmtilegra heldur en grillaðar pylsur. Mamma og pabbi kæmu með disk af einhverju góðgæti og þau ljómuðu öll til tilhugsunina um að þau myndu gera þessa hátíð að veruleika með foreldrum sínum. Undirrituð lofaði svo börnunum um að hún myndi senda foreldrunum póst um einróma bón þeirra um Pálínuboð.

Við sjáum tækifæri til umbóta fyrir næsta vetur og munum efla samstarf við foreldra til muna, með ýmsum aðgerðum eins og t.d. bókaþíó.

3 Innra mat Lækur - Umbótaáætlun

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Umhverfismennt og útikennsla a. Ræktun b. Endurvinnsla	a. Ræktun á mat og skrautjurtum. Hlúa að og taka ábyrgð/umsjón. Styrkja samvinnu og félagsleg tengsl. b. Sjá hringrásina, hvað verður um úrganginn?	a. Aðgangur að mold og/eða moldu, ávaxtafræjum og laukum. b. Flokka bæði sorp, tvinna vettvangsferð og grenndargámsferð saman	Deildarstjóri og allt starfsfólk	Haust	Sumar	a. Samtöl og ljósmyndaskráning b. Endurmat á deildarfundum	a. Að öll börn fari heim með plöntu að sumri – að mat laukar og jurtir séu nýttar í matinn í skólanum b. Að börn geri sér grein fyrir hvar úrgangur/afskurður endi.

4 til 6 ára börn – Innra mat

Á Tjörn hefur skólaárið verið með ágætum. Samstaða í starfsmannahópnum og vilji til að láta hlutina ganga upp við óvæntar og ófyrirséðar aðstæður situr eftir í minningunni ásamt gleði yfir endurkomu mannlífs með lystisemdum og fjölbreytileika.

Hornsteinarnir okkar í starfinu eru nokkrir en einn sá mikilvægasti er stöðugleiki í starfsmannahópnum. Hugmyndafræði og áherslur eru farnar að sitja í veggjunum og virkt samtal um samskipti og kærleika í starfinu. Annar hornsteinn, leikurinn, hefur fengið að njóta sín og verið stöðugt samtal um hvernig megi bæta umhverfið sem við búum börnunum þar. Flæði í starfinu og hvetjandi samfélag kennara og barna hefur drifið starfið áfram af krafti og jákvæðni.

Á vordögum var farið í námsferð til Brighton. Innblástur og athafnapörf fylgdi í kjölfarið og krafturinn nýttur til að koma í framkvæmd hugmyndum sem höfðu í raun verið til staðar en fengu nú þann vind undir vængi sem þurfti til framkvæmda. Dagskipulagi var lítillega breytt til að skapa rými á deildinni þar sem leikur og verk barnanna fá að þróast eins lengi og þurfa þykir þ.e. ekki þarf að taka allt saman fyrir hádegismat. Umhverfi og leikefni sem stóð börnunum til boða var endurskoðað og mikill hluti leikefnis úr plasti var skipt út fyrir náttúrulegri efnivið. Plastsúffum var ýtt út til að rýma fyrir viðarhillum og tréhirslum. Fagurfræði og náttúrulegur efniviður tók völdin.



Í þessu verkefni felast mikil tækifæri til að dýpka vinnu okkar með rannsóknaraðferð Reggio Emilia stefnunnar sem við viljum kenna okkur við. Því til framdráttar stefnum við að því að halda vikulega vinnufundi þar sem gefst kostur á að ræða enn betur verkefnin, efniviðinn, aðferðirnar og hugmyndirnar sem eru í gangi. Einnig verður skemmtilegt að móta hvernig við munum nýta þær breyttu aðstæður að eitt í herbergi í „eiginrými“ Tjarnar sem verður eingöngu ætlað undir leik. Börnin munu örugglega líka hafa sterkar skoðanir á því.



Skólanámskráin og dagsskipulagið slær taktinn í starfinu og er það vel. Sjónrænt skipulag er alltaf að festast betur í sessi á deildinni og hefur sérkennari haldið vel utan um það. Hátíðir, hefðir og undirbúningur voru á sínum stað og sérstaklega kærkomið að við náðum tveimur morgunstundum þar sem börnin buðu foreldrum sínum í morgunkaffi.

Barnahópurinn stóð saman af þremur árgöngum í ár og yngsti hópurinn óvenju stór. Starfið með elstu börnum var með miklum blóma í vetur og teymi tveggja kennara stýrði því. Myndlist og sköpun hefur verið í hávegum höfð. Barnahópurinn í heild öflugur og það hefur virkað vel að taka upp málefni í hópnum þegar við viljum breyta einhverju eða leita nýrra hugmynda. Umræður og skoðanir koma sterkt fram hjá börnunum. Foreldrar eru svo upplýstir ef þörf er á. Vorinu fylgdi svo að vanda gróðursetning og vöxtur en í ár voru þó ekki settar niður kartöflur þar sem garðurinn okkar verður tekinn í gegn í sumar og við hlökkum mikið til þess að eignast nýjan garð.



Í starfsáætlun fyrir veturinn var miðað við að halda áfram með markmið frá fyrra ári þ.e. ýta undir aukið flæði í starfinu, auka sveigjanleikann í dagsskipulaginu. Dagsskipulagið veitir alltaf ákveðna umgjörð en þarf að rúma að tekið sé tillit til áhuga og dagsforms barnsins. Viðhorf okkar kennara skiptir miklu máli og að hugmyndir barnanna um nýjar leiðir séu teknar alvarlega. Meðvitund um þetta er góð meðal allra starfsmanna.

Annað markmið var að vinna meira með námsefni í félagsfærni. Undirrituð er þeirrar skoðunar að erfiðleikar tengdir elsta árganginum síðastliðinn vetur hafi öðru fremur kallað á það markmið. Veruleiki á deildinni var allt annars eðlis í vetur og fyrir vikið voru samskiptin og flæðið allat annars eðlis í vetur.

Tækifæri til umbóta er að auka enn á flæði þ.e frjálsan leik barnanna og skapa kringumstæður þar sem leikur barnanna geti haldið áfram svo lengi sem þau vilja.

4 Innra mat Tjarnar – Umbótaáætlun.

UMBÓTAÞÁ TTUR/ MATSPÁTTU R	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðf erðir?	Viðmið um árangur
Flæði – Frjáls leikur	Dýpka starf deildarinnar með könnunar- leikinn og skapa ytri aðstæður til að leikurinn fái að þróast til lengri tíma	Bæta við vikulegum fundi þar sem eingöngu er verið að ræða starf/verkefni sem eru í gangi hjá barna- hópnum. Gera breytingar á skipulagi húsnæðis.	Sameiginleg t verkefni allra starfsmanna en deildarstjóri ber ábyrgð á framkvæmd .	Er hafið að nokkru En miðað við septem ber	Óákveði ð	Skráning yfir veturinn og endurmat í lok starfsárs hjá starfsmanna hópnum.	Samtal í starfshópnum og Mæling á ánægju í barnahópnum (spurninga- listi)

Innra mat 2021-2022.

Haustið 2021 hófu níu börn aðlögun í Miðhúsi. Ólíkt fyrra ári var hægt að bjóða börnum og



foreldrum þeirra í hús í aðlögunarferlinu. Með þessu fyrirkomulagi fengu foreldrar meiri og áþreifanlegri innsýn á daglegt starf skólans.

Í október bauðst öllum foreldrum að koma á námskynningu vetrarins og var mæting mjög góð.

Beiðni kom frá foreldri um að fá senda söngtexta sem börnin læra hverju sinni. Í kjölfar þess

hafa söngtextar fylgt fréttabréfi sem deildarstjóri sendir á tveggja vikna fresti frá deildinni.

Til að auka enn betri sýn á hvað börnin eru að nema í hinum ýmsu aðstæðum í skólanum hefur foreldrum verið sendar myndir af þeim í gegnum myndaförriðið Sway. Þetta teljum við starfsfólk vera góða leið fyrir foreldra til að skoða með barni sínu og leggja þannig við hlustir þeirra um hvað þau eru að gera í skólanum. Lögð er áhersla á upplýsingagjöf til foreldra, það styður við starfið.

Þegar líða tók á árið skall á covid bylgja sem varð til þess að ýmsar verklagsreglur í húsinu breyttust.

Þar á meðal þátttaka foreldra eins og t.d. jólagleði og kaffidagar. Þar sem slík staða hefur komið

upp á áður höfum við reynslu og kunnum að gera það besta úr eins og hægt var.

(hefðir og venjur var viðhaldið innan skólans án þátttöku foreldra).



Í byrjun árs 2022 voru töluverð veikindi bæði hjá börnum og kennurum. Við stóðum frammi fyrir því að einhverja daga þurfti að stytta viðveru barnanna í skólanum og í einhverju tilvikum var deildin lokað.

Í mars mánuði breyttust kringumstæður á hinn betri veg. Foreldrum var boðið í hin árlegu viðtöl þar sem kennarar upplýsa foreldra um stöðu þroska barnsins og starfið í skólanum.

Slík viðtöl eru gagnleg á báða bóga. Um miðjan mars mánuð komu tveir þriðja árs nemar á deildina sem eru í leikskólakennarafræðum við H. Í. Nemarnir nýttu sér þá reynslu og þekkingu sem þær hafa öðlast í námi og starfi með börnum. Það skilaði sér í hinum ýmsum verkefnum sem elstu börnin á deildinni fengu notið. Æfingakennarar þeirra nutu líka góðs af því sem þær lögðu fram.



Foreldrum bauðst að hittast yfir kaffi og meðlæti einn morgun í mars. Ánægjulegt var að hversu margir sáu sér fært um að koma og hittast. Það gerði það að verkum að góð stemmning varð úr og mikil gleði.

Foreldrafélag skipulagði sveitaferð í Kjósina nú í vor 2022. Mjög góð þátttaka var í foreldrahópnum en slík ferð hefur ekki verið farin í 2 ár.

Tónlist er ríkur þáttur í starfinu í Miðhúsi. Öll börn fara í tónlistartíma einu sinni í viku, þar sem lögð er áhersla á hrynjanda, hlustun, söng, hreyfileiki og dans. Með þessu fá börnin tækifæri til að upplifa og njóta tónlistar á sem fjölbreytilegan hátt.

Einnig styrkjast börnin í félagslegri hæfni. Í dagskipulagi eru 2-3 söngstundir á dag þar sem börnin



fá tækifæri til að velja sín lög og gjarnan standa þau fyrir framan hópinn.

Það má segja um þessar stundir að við kennarar skynjum mikinn áhuga og gleði í barnahópnum.



Uppeldissýnin í Miðhúsi er að allir fá að njóta sín á sínum forsendum hvort sem er í leik eða daglegu starfi. Við stuðlum að því að börnin eigi góð félagsleg tengsl við hvert annað.

Að hlusta á raddir barnanna er einnig ríkur þáttur í starfinu.



Að börnin finni að á þau sé hlustað það styrkir þau í þroska og námi. Efniviður er aðgengilegur á myndrænan hátt sem auðveldar bönunum valið. Að fá að velja og setja sitt mark á eflir börnin og styrkir þau til sjálfstæðis.

Börnin eru hvött til að koma með tillögur um verkefna val í stöðvavinnu sem fer fram hvern föstudag þannig geta þau valið sér verkefni sem áhugasvið þeirra lúta að.

Einnig hafa börnin áhrif um þegar kosið er um öðruvísi daga, hádegismat eða kaffibrauð.

Til að auðvelda þeim yngri að velja og skilja fer kosningin fram myndrænt.



Þetta er ein af mörgum leiðum sem við teljum að börnin styrkist í lýðræðislegri hugsun.

Skráningar í ferilmöppur barnanna er sífellt í þróun. Sýnir ekki síður ferlið en afurðina.

Við notum myndskráningar mikið, þannig sjáum við hvað gerist hjá börnunum á meðan þau leysa verkefnin. Með hinum ýmsu skráningarformum á börnunum sjáum við kennarar frá hausti til vors hversu börnin styrkjast og sýna öryggi í hinum ýmsu athöfnum.

Á deildarfundum metum við árangur í starfinu. Ljóst er að þekking og reynsla kennara er til staðar og við erum dugleg að miðla á milli til allra. Mannauður, menntun, reynsla og stöðuleiki er okkar helsti styrkleiki sem endurspeglar og styrkir starfið.

Upp úr miðjum apríl fóru kennarar og annað starfsfólk í námsferð til Brighton á Englandi.

Námskeiðin sem við sóttum var heimsókn í skógarskóla. Þar eyddum við degi í allskonar tilraunir með það í huga að nýta þann efnivið sem náttúran hefur upp á að bjóða í sköpun og nám.



Einnig sóttum við námskeið í Reggio fræðum. Það námskeið bauð upp á fyrirlestur, vinnustofur og skoðunarferð í skóla. Það sem stóð upp úr ferðinni var að hópurinn náði vel saman og ekki síður að hinar ýmsu hugmyndir vöknudu og fyllti okkur innblæstri. Þessi ferð var á dagskrá vorið 2020 en vegna ytri aðstæðna í heiminum var ferðin sett á bið.



Umbótaráætlun Miðhúss

UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Auka vægi sköpunar í nærumhverfi skólans. Skráningar með Börnunum	Að hverju er stefnt? Vekja áhuga barnanna á breytileika Árstíðar í náttúrunni	Hvernig framkvæmum við það? Markvissar gönguferðir . Vinna með árstíðir þar sem börnin taka ljósmyndir sem vekur áhuga þeirra	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Kennarar og annað starfsfólk deildarinnar	Haust 2022	Vor 2023	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum). Upplýsingastreymi og umræður á deildarfundum, skráningar í ýmsu formi. T. d. ljósmyndir	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði. Að börnin sýni sjálfstæð vinnubrögð í skapandi starfi. Börnin eflist og sýni sjálfstæði í skráningum um líðan sína frá hausti til vors .
	Börnin meti líðan sína á myndrænan hátt í daglegu starfi.	Börnin lita í reit eða stimpla á skráningarblað hvernig þau upplifðu líðan sína í starfinu.					



Melhús 4 til 6 ára börn - Haustið 2021 byrjaði vel, aðlögun fór fram með hefðbundnum hætti, þar sem foreldrar máttu nú koma inn á deild með grímur.

Við höldum okkar dagskipulagi og ferðum sem voru í boði, sem var t.d. sýningar í Þjóðleikhúsinu og Borgarleikhúsinu, farið var á Sinfóniutónleika í Hörpunni og líka á jólaball. Fórum einnig í vettvangsferðir, kíktum á leikvelli í nágrenninu og skoðuðum okkar nánasta umhverfi. Allt eru þetta mjög skemmtilegar ferðir og börnin áhugasöm og taka virkan þátt í öllum undirbúning.

Það var vel mætt á foreldrafundinn sem var í október því þá fengu foreldrar að koma inn á deild sem hafði ekki verið hægt síðan 2019. Voru foreldrar ákaflega ánægðir með það og vel mætt.



Áhersla hefur verið á vinnu með ferilmöppur, við höfum náð að vinna vel með verkefnið. Börnunum finnst gaman að skoða þær og handfjatla. Það er enginn mappa eins og eru þær alveg eftir þeirra eigin höfði. Foreldrar og börn skoðuðu ferilmöppuna vel á Vorsýningunni núna í júní. Til þess að gera



enn betur viljum við finna góða leið til þess að þau geti tjáð vel hvað þeim finnst skemmtilegast að gera í skólanum, við höfum verið með alls konar útgáfur á gátlistum fyrir börnin en erum í stöðugri þróun með þá lista. Listarnir fara inn í ferilmöppurnar.

Vel hefur tekist að vinna með virka hlustun á deildinni. Þau hafa verið dugleg að koma með óskir um t.d hvaða verkefni eiga að vera í stöðvavinnu, sem við skráum á tiltekið blað sem fer svo inn í stöðvavinnuöppuna. Börnin hafa tekið þátt í að undirbúa stöðvavinnuna og hefur það tekist mjög vel. Þannig höfum við betri yfirsýn og virkjum við börnin í að taka þátt.

Sögustundir hafa verið með sama sniði, við skráum niður bækurnar sem við lesum og héldum okkur við bókaorminn sem við setjum svo uppá vegg með aðstoð barnanna. Við höfum líka fengið börnin til að vinna verkefni úr þeim bókum sem að eru búnar að vera lesnar, þá er sest við borð og börnin teikna eina mynd sem tengist sögunni, eða búa til alveg þannig eykst áhugi barna á bókum og læsi.

Rauði þráðurinn er sjálfsefningin í okkar daglega starfi, börnin velja sér verkefni þegar þau koma í skólann og taka ábyrgð á því. Börnin velja lögin sem sungin eru í söngstund, fyrir foreldrakaffi og vorsýningu, enn þá standa þau frammi fyrir hópnum og stjórna söngnum af mikilli ánægju og gleði.

Framan af vetri skömmtuðu kennarar á matardiskana en nú eru börnin farin að taka meiri þátt í að skammta sér sjálf í hádeginu og kaffitímanum og hella sjálf í glösin sín. Tilgangurinn er að hver og einn nái markmiði sínu og geti bjargað sér sjálf. Þarna náðum við markmiðinu okkar sem var í umbótaráætluninni að elstu börnin fari í röð og gangi niður í fataklefa.



Við höfum sama háttinn á við kosningar, börnin vita að það fá ekki allir ósk sína uppfyllta, mikil gleði er hjá börnunum við það að fá að kjósa. Kosið var um öðruvísi daga með hádegismat og kaffitíma.

Myndavélin er mikið notuð í allri okkar skráningu bæði úti og inni, og hafa verið sendar myndir frá Sway til foreldra.

Við náðum markmiðinu okkar sem var í umbótaráætluninni að elstu börnin fari í röð á leiðinni niður í fataklefa, hver er fyrstur í röðinni þegar gengið er niður. Börnin hafa verið dugleg í að æfa sig að telja, þau velja sér jafnmörg lög og þau eru gömul á afmælisdaginn sinn svo er það skráð inn í kórónuna og líka skráð í ferilmöppuna svo merkja þau hve margir eru inn í Hól eða Haga, og vita börnin að það geta bara verið fjórir til fimm í hverju herbergi. Börnin merkja líka við hvað það eru margir sem fara inn í flæðandi kaffitíma, þá merkja þau við á blað hver fer inn og bjóða síðan næsta þegar eitt sæti losnar. Það er mat okkar kennara í Melhúsi að börnin hafa tekið virkan þátt í því námi sem börnin velja sér og það skilar sér heim til foreldra sem láta okkur kennarana vita og segir það sig því sjálft að börnin koma glöð til starfa á morgnanna. Við vinnum með vináttuna á hverjum degi og kærleikann



Elstu börnin fengu slökkviliðið í sína árlegu heimsókn, við fengum síðan að heimsækja Vesturbæjarskóla í Valtíma, við fórum einnig í Skýjaborgir þar var vel tekið á móti okkur og börnin fengu að litast um þar, þar var boðið uppá djús og kex við mikinn fögnuð barnanna.



Elstu börnin voru útskrifuð í júní með viðeigandi athöfn, athöfnin var haldin úti með fjölskyldu barnanna og vorhátíð líka þetta árið sem hefur ekki verið síðustu tvö ár og var vel mætt, mikil gleði með það. Útskrifahópurinn fór síðan í útskrifar ferð út í Viðey, grillaðar pylsur/pulsur, prins póló og gott veður.



Í Apríl fóru kennararnir í Tjörn til Brighton í námsferð, þar sem þeir fengu mikinn innblástur af Reggio skoðaðir skólar og hópefli fyrir kennarana.

Tækifæri til umbóta er að skrá betur tilfinningar og óskir barnanna inn í ferilmöppurnar – Allir kennarar noti spjöld í verkefninu gefðu tíu – Til þess að elfa hvern og einn – Eins viljum við fara meira út á vettvang með börnin og vinna skapandi verkefni í tengslum við umhverfið

5 Umbótaráætlun Melhúss deildar

UMBÓTARÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Skráningar-ferilmöppur	Auka við skráningarnar	Byrja smátt	Allir kennararnar	22. sept		Samantekt á deildarfundum	Heildarsýn yfir þroskaferil Barnsins í leikskólanum birtist í ferilmöppunni.
Sköpun/mynd	Nánasta umhverfi	Markvissar vettvangsferðir * mánudaga	Allir kennararnar	22. sept		Samantekt á deildarfundum	Fer eftir aldri og þroska barnanna, hvernig ferðunum verður háttað.

6 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2021-2022

Skipulagning sérkennslu 2021-2022 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Innra mat Sérkennslu 2021-2022 Skólastarfið miðar að því að kennsla og umhverfi mæti öllum nemendum. Allt starf skólans og kennsla leitast við og skilgreinir sig sem menntun án aðgreiningar. Settar eru upp einstaklingsnámskrár og markmiðssetningar fyrir þá nemendur sem þess þurfa og er það metið hverju sinni af sérkennslustjóra og sérkennara í samstarfi við deildarstjóra. Sérkennari/Sérkennslustjóri skráir sérkennslutímana og fylgir þannig eftir einstaklingsnámskrá og /eða þeim markmiðum sem búið er að setja niður. Hvað var unnið með og næstu skref í framvindu skráningu. Deildarstjórar sjá um að halda utan um hópatíma. Sérkennari/Sérkennslustjóri heldur utan um og skráir sérstaka málörvunartíma. Sérkennari/Sérkennslustjóri byggja sérkennsluna meðal annars á niðurstöðum úr HLJÓM – 2, út frá greiningu sérfræðinga s.s. talmeinafræðinga, sérkennsluráðgjafa og sálfræðinga. Notast er við EFI II, AEPS sé þess þörf eins höfum við aðgang til að láta lesa úr íslenska þroskalistanum og Orðaskil. Nýverið bættist við TRAS og er hugmyndin að allir deildarstjórar fari á námskeið í því. Við sérkennslu er notast við hin ýmsu námsgögn bæði gagnvirk og í formi spila /verkefna og má þar nefna Lubbi finnur málbein, Leikum og
---	---



	lærum með hljóðin, Ljáðu mér eyra, Orðagull, Boardmaker. Hljóðkerfið (Líkamsvitund -tengsl og boðskipti) Sögugrunnur, Orðaforðalista, auk sértæks námefnis frá sérfæðingum og fleira. Áhersla er lögð á sjónrænt skipulag bæði í umhverfi barnanna, dagskipulagi og sérstaklega í samskiptum þar sem kennarar hafa á sér öll helstu samskiptatákn í borða um hálsinn. Reynt er að höfða til áhugasviðs barnanna og hafa gaman saman. Hulda Marinósdóttir sérkennslustjóri Fjóla Eðvaldsdóttir sérkennari.

Umbótaáætlun Sérkennsla 2022-2023

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Fastsetja fundi með deildarstjórum, sérkennara og sérkennslustjóra að hausti, vetri og vori. Betri eftirfylgni með	Að hverju er stefnt? Meiri skilvirkni, betra gegnsæi, meira utanumhald og betri upplýsingamiðlun.	Hvernig framkvæmum við það? Með reglulegum fundum. Staðan tekin og yfirfarin reglulega, sett upp markmið	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir. Sérkennslustjóri, sérkennari og deildarstjórar.	Haut Sept 2022	Vor Maí 2023	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum). Með skráningum, markmiðsáætlunum og samtölum við kennara og nemendur.	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði Endurmat á markmiðu



einstaklingsnámsk rám og þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið. Sérkennarar styðji við starf deilda með snemmtækri íhlutun sem hluti af forvörnum. Að allir deildarstjórar fari á námskeið í TRAS Fyrirhugað er að fá námskeið um ADHD í skólann.	Með því að innleiða TRAS stuðlum við að snemmtækri íhlutun sem er byggð á faglegri og markvissri athugun. Til að styrkja starfsmenn og kennara enn frekar í vinnu með börn með ADHD.	hvað er að ganga vel og hvað ekki og hvers vegna. Með nám- skeiðum	Leikskólastjóri og sérkennslu- stjóri			Notast við TRAS í öllum foreldravið- tölum. Notum rýnihóp til að kanna innleiðingu ferla með börn með ADHD	m umbótaþát ta hvernig til tókst og með viðtölum við kennara og nemendur hvernig þeirra upplifun var og er.
--	---	--	---	--	--	--	--

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2022

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Veturinn var öðruvísi vegna Covid 19 mikið um veikindi, sóttkví og þ.a.l. mikil fjarvera starfsmanna og barna. Fundir tengiliða fjölmenningar röskuðust vegna þessa en sérkennari sótti einn fund og fylgdist vefrænt með vinnu eins eins og „hæfnisrömmum“ og móttöku fjöltyngdra barna.
--	---



	Ekki náðist að halda nógu vel utan um samskiptabækur sumra barna vegna m.a. mikillar fjarveru. Mikil áhersla var lögð á að nota öll tækifæri til að leggja inn og örva máltöku og það sérstaklega rætt á deildarfundum og lagðar fram tillögur um hvernig því væri best háttað. Á næsta skólaári verður lögð enn frekari áhersla á hæfnisramma í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskólum sem og móttökuáætlun. Fjóla Eðvarðsdóttir þroskaþjálfari/sérkennsla
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Fjármagnið fer í launatengdan lið og önnur námsgögn. Fjöltyngd börn fá bæði einstaklingstíma og málörvun í sérstökum málörvunarhópatímum sem sérkennari kemur að . Eins er unnið með tengsl við heimili þeirra barna sem eiga sér annað heimamál en íslensku í formi bókar sem fer á milli heimilis og skóla. Orðum/myndum er bætt inn í reglulega og lögð áhersla á að barnið hafi bæði tungumálin hjá hverri mynd, orðin eru valin út frá Orðaforðalista Menntamálastofnunnar. Með þessu er báðum tungumálum barnsins sýnd virðing og áhugi. Unnið er með grunnorðaforða í athöfnum daglegs lífs í formi leikja, lesturs, Lubbi finnur málbein og gefðu 10 sem er alltaf haft að

	leiðarljósi . Haldið verður áfram að innleiða Tákni með tali en rannsóknir sýna að notkun TMT hefur í för með sér meiri og markvissari boðskipti og eflir sjálfstæði. Fylgst er með framförum fjöltyngdu barnanna með gerð einstaklingsáætlana, skráninga, orðaforðalista og matstækinu HLJÓM 2, EFI II og TRAS. Hæfnisrammar í íslensku fyrir fjöltyngd börn (Halldóra Sigtryggsdóttir, Saga Stephensen, Þorbjörg Halldórsdóttir, Sigríður Ólafsdóttir 2021) Einn leikskóli – Mörg tungumál (Kolbrún Vigfúsdóttir og Fríða Bjarney Jónsdóttir 2015). Staða>Framfarir>Framhald (Kolbrún Vigfúsdóttir 2005) Unnið er út frá Læsisáætlun okkar í Tjörn, Tileinkun máhljóðanna (Þóra Másdóttir prófessor í talmeinafræðum) orðaforðalistum frá Menntamálastofnun, söng, TMT, lestri, Lubbi finnur málbein, markvissri umræðu í hópatímum og gefðu 10, hlustun, endursögn, athyglissögum, sögugerð í fjölbreyttu formi, teikningum, frásögnum, samverustundum, frjálsa leiknum og athöfnum daglegs lífs. Þar sem mikið hefur verið unnið með sjálfseflingu og lýðræði barnanna í skólanum er reynt eftir fremsta megni að nýta þeirra áhugasvið í allri þessari vinnu.
--	---

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2022-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifær i til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
Öll fjöltyngd börn fái einstaklingsnámskrá. Þar sem unnið er út frá Hæfnisrömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn. Búa til enn frekari flæði og ábyrgð meðal kennara og barna í máltöku fjöltyngra barna	Að hverju er stefnt? Að auðvelda mat og stöðu fjöltyngra barna í íslensku. Að meta framfarir barnanna í íslenskri máltöku Betri yfirsýn yfir hvern og einn hvar barnið stendur	Hvernig framkvæmum við það? Með ákveðnum matslistum fyrir fjöltyngd börn, deildarfundum og málörvunarhópum bæði sér og inni á deild þar sem kennarar eru gerðir virkir í þeirri vinnu.	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir Sérkennslustjóri, sérkennari og deildarstjórar	Haus t 2022	Vor 2023	Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum). Við ætlum að nýta okkur þá lista sem til eru s.s. Einn leikskóli-mörg tungumál, Staða framfarir, framhald, Hæfnisrammar fyrir fjöltyngd börn í leikskóla. Orðaforðalistar frá Menntamálastofnun og Gefðu 10. Á reglulegum fundum með deildarstjórum	
Innleiðing TRAS fyrir alla deildarstjóra		Námskeið i TRAS	Sérkennslustjóri			Nota TRAS í foreldra-viðtölum	

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla –

Þrátt fyrir erfiðar ytri kringumstæður náðum við að fara á nokkur námskeið – Endurmenntun í HÍ tónlistarkennsla ungra barna – ADHD námskeið - Trash námskeið. Allir kennarar og starfsmenn fóru í námsferð til Brighton. Leikskólastjóri tók upp örsamtöl og hafa þau virkað vel yfir tímabilið.

Næsta vetur, fara fleiri á ADHD námskeið vegna gríðarlegs áhuga. Nokkrir kennarar eiga eftir að fara á Hljóm námskeið og við stefnum á að allir kennara kunni á Hljóm – Námskeið á vegum Miðju máls og læsis. Fyrirlestur um Vinnustaðamenningu og hamingju (skólastjóri verður með fyrirlestur). Við höfum verið dugleg að fræða kennara og foreldra um nýja menntastefnu og munum við halda því áfram. Menntaflétta. Menntakvika!

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva –

Við fórum í nokkrar heimsóknir í bæði skólann og frístund og var vel að öllu staðið á tímum takmarkanna. Ég þakka stjórnendum í Vesturbæjarskóla og frístund fyrir gott samstarf.

Samstarf við Vesturbæjarskóla, Frístundar og Tjarnar.

Fyrsta heimsókn í frímínútur og á bókasafn skólans verður **föstudaginn 3. september**

Heimsókn í bókasafn Vesturbæjarskóla verður **föstudaginn 18. nóvember**

Heimsókn í Frístund verður **fimmtudaginn 8. desember.**

Miðvikudaginn 8. febrúar verður farið inn í skólastofu sex ára barna.

Fimmtudaginn 18. apríl - Heimsókn í Frístund

Fimmtudagurinn 3. maí – Heimsókn í Frímínútur

Fundað með kennurum á milli skólastiga **miðvikudaginn 10. apríl.**

8 Foreldrasamvinna

Foreldrasamvinna – Við viljum hafa opin og góð samskipti milli kennara, foreldra og barna. Eins og kemur skýrt fram í þessari skýrslu voru kringumstæður flóknar í vetur og minna um alls konar uppákomur með foreldrum. Eftir að samfélagið opnaðist fórum við strax af stað með morgunkaffi fyrir foreldra, héldum vorsýningu. Stjórn foreldrafélagsins bauð öllum í sveitaferð sem var mjög vel heppnuð. Eins hélt stjórnin sumarhátíð sem bar svo sannarlega nafn með rentu. Foreldraráðið hittist tvisvar yfir árið, farið var yfir hefðbundið efni. Ég vil þakka foreldrum sem hafa starfað með okkur í vetur fyrir vel unnin störf. Við hlökkum til þess að fara af stað næsta haust með vonandi eðlilegum hætti.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal – sjá skóladagatal í fylgiskjali –

Starfsdagar – 22. september – 21. október. – 2. janúar. – 24. febrúar. – 10. maí – 2. júní. Sameiginlegir dagar með Vesturbæjaskóla eru - 22. september. 24. febrúar. 10. maí

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans

Hulda Ásgeirsdóttir

01.07. 2022

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022

Tjörn

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:



Foreldraráð leikskólans hefur haft starfsáætlun 2021-2022 til umsagnar, eins og 11. gr. leikskólalaga nr. 90/2008 kveður á um. Foreldraráðið samþykkir starfsáætlunina, en í henni koma fram markmið og innra mat á starfsemi Tjarnar, sem og áætlanir til umbóta.

Foreldraráð vill þakka fyrir gott samstarf leikskólans og foreldra á árinu.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Perla Ösp Ásgeirsdóttir

Henný Hinz

Skóladagatal 2022 - 2023

Nafn skóla:

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ	
1 M	Fridagur verslunarmanna	1 F		1 L		1 Þ		1 F	Fúlveldisdagurinn	1 S	Nýársdagur	1 M		1 M		1 L		1 M	Verkalýðsdagurinn	1 F	
2 Þ		2 F		2 S		2 M		2 F		2 M	Starfsdagur	2 F		2 F		2 S	Pálmasunnudagur	2 Þ		2 F	Starfsdagur
3 M		3 L		3 M		3 F		3 L		3 Þ		3 F		3 F	Morgunkaffi foreldra	3 M		3 M		3 L	
4 F		4 S		4 Þ	Foreldrafundur	4 F		4 S		4 M		4 L		4 L		4 Þ		4 F		4 S	Sjómannadagurinn
5 F		5 M		5 M	Foreldrafundur	5 L		5 M		5 F		5 S		5 S		5 M		5 F	Morgunkaffi foreldra	5 M	
6 L		6 Þ		6 F		6 S		6 Þ	Piparkökubakstur	6 F	Þrettándinn	6 M	Dagur leikskólans	6 M		6 F	Skírdagur	6 L		6 Þ	
7 S		7 M		7 F	Morgunkaffi foreldra	7 M		7 M		7 L		7 Þ	Dagur tónlistarskólans	7 Þ		7 F	Föstudagurinn langi	7 S		7 M	
8 M		8 F	Dagur læsis	8 L		8 Þ	Baráttudagur gegn einelti	8 F	Foreldrar skreyta	8 S		8 M		8 M		8 L		8 M		8 F	
9 Þ	Opnum eftir trí	9 F		9 S		9 M		9 F	Morgunkaffi foreldra	9 M		9 F		9 F		9 S	Páskadagur	9 Þ		9 F	
10 M		10 L		10 M		10 F		10 L		10 Þ		10 F		10 F		10 M	Annar í páskum	10 M	Starfsdagur	10 L	
11 F		11 S		11 Þ		11 F		11 S		11 M		11 L	Dagur íslenska táknaðsins	11 L		11 Þ		11 F		11 S	
12 F		12 M		12 M		12 L		12 M		12 F		12 S		12 S		12 M		12 F		12 M	
13 L		13 Þ		13 F		13 S		13 Þ		13 F		13 M		13 M		13 F		13 L		13 Þ	
14 S		14 M		14 F		14 M		14 M		14 L		14 Þ		14 Þ	Dagur stærðfræðinnar	14 F		14 S		14 M	
15 M		15 F		15 L		15 Þ		15 F		15 S		15 M		15 M		15 L		15 M		15 F	
16 Þ		16 F	Dagur íslenskrar náttúru	16 S		16 M	Dagur íslenskrar tungu	16 F	Jólaball	16 M		16 F		16 F		16 S		16 Þ		16 F	
17 M		17 L		17 M		17 F		17 L		17 Þ		17 F		17 F		17 M		17 M		17 L	Lýðveldisdagurinn
18 F		18 S		18 Þ		18 F		18 S		18 M		18 L		18 L		18 Þ		18 F	Uppstigningardagur	18 S	
19 F		19 M		19 M		19 L		19 M		19 F		19 S	Konudagur	19 S		19 M		19 F		19 M	
20 L		20 Þ		20 F		20 S	Dagur mannréttinda barna	20 Þ		20 F	Bóndadagur	20 M	Bolludagur	20 M		20 F	Sumardagurinn fyrsti	20 L		20 Þ	
21 S		21 M		21 F	Starfsdagur	21 M		21 M		21 L		21 Þ	Sprengidagur	21 Þ		21 F		21 S		21 M	
22 M		22 F	Leikskólaráðstefna / starfsdagur	22 L	Fyrsti vetrardagur	22 Þ		22 F		22 S		22 M	Óskudagur	22 M		22 L		22 M		22 F	
23 Þ		23 F		23 S		23 M		23 F	Þorláksmessa	23 M		23 F		23 F		23 S		23 Þ		23 F	
24 M		24 L		24 M		24 F		24 L	Aðfangadagur jóla	24 Þ		24 F	Starfsdagur	24 F		24 M		24 M		24 L	
25 F		25 S		25 Þ		25 F		25 S	Jóladagur	25 M		25 L		25 L		25 Þ		25 F		25 S	
26 F		26 M	Evrópski tungumáladagurinn	26 M		26 L		26 M	Annar í jölum	26 F		26 S		26 S		26 M		26 F		26 M	
27 L		27 Þ		27 F		27 S		27 Þ		27 F		27 M		27 M		27 F		27 L		27 Þ	
28 S		28 M		28 F		28 M		28 M		28 L		28 Þ		28 Þ		28 F		28 S	Hvítasunnudagur	28 M	
29 M	Aðlögun hefst.	29 F		29 L		29 Þ		29 F		29 S				29 M		29 L		29 M	Annar í Hvítasunnu	29 F	
30 Þ		30 F		30 S		30 M		30 F		30 M				30 F		30 S		30 Þ		30 F	
31 M				31 M				31 L	Gamlársdagur	31 Þ				31 F				31 M			

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagur kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólastjóra í samráði við kennara og með hliðsjón af kjarasamningum. Starfsdagur kennara utan starfstíma nemenda eru 8.